

**Ed.**

## **16. Frumvarp til laga**

um breyting á vegalögum, nr. 34 23. apríl 1947.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Guðmundur Í. Guðmundsson.

Á 2. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

- a. Í stað „til Sandgerðis“ í A. 2 kemur: um Sandgerði að Stafnesvita.
- b. Aftan við A. 3 bætist: og frá Járngerðarstaðahverfi um Porkötlustaðahverfi að Hrauni.
- c. c) Við A. 32. Í stað „að Háabæ í Þykkvabæ“ í A. 32 kemur: um Miðkot að Unhól í Þykkvabæ.
- d. d) Við B. 14. Í stað „Reykholtisdalsvegi“ í B. 14 kemur: á Borgarfjarðarbraut í Reykholtisdal.
- e. Liðinn B. 21 skal orða svo:  
*Hvítársíðuvegur*: Af Kleifavegi inn Hvítársíðu að Fljótstungu.
- f. Á eftir B. 21 kemur nýr liður, er verður B. 22 (og breytast liðatölur á eftir samkvæmt því):  
*Hálsasveitarvegur*: Frá Hvítársíðuvegi nálægt Bjarnastöðum yfir brú á Hvítá og á Borgarfjarðarbraut nálægt Reykholti.
- g. Liðinn B. 46 skal orða svo:  
*Kaldrananesvegur*: Af Reykjarfjarðarvegi í Bjarnarfirði að Kaldrananesi.
- h. Í stað „að Árnesi“ í B. 47 kemur: um Árnes að Eyri í Ingólfsvirði.
- i. Í stað „að Gemlufalli við Dýrafjörð“ í B. 54 kemur: að ferjustað við Dýrafjörð undan Gemlufalli.
- j. Í stað „að Sveinseyri“ í B. 66 kemur: um Sveinseyri að Stóra-Laugardal.
- k. Í stað „yfir væntanlega brú á Vatnsdalsá“ í C. 7 kemur: að Ásbrekku og yfir væntanlega brú á Vatnsdalsá.
- l. Í stað „Tungusveit“ í C. 14 kemur: Goðdali.
- m. Í stað „Ríp“ í C. 17 kemur: um Ríp að Eyhildarholti.
- n. Í stað „að Sandvík í Bárðardal“ í C. 37 kemur: um Sandvík að Bjarnastöðum.
- o. Í stað „Fossi“ í D. 8 kemur: Lagarfossi.
- p. Í stað „og Fagradalsbraut í Reyðarfirði“ í D. 19 kemur: á Fagradalsbraut innan við Búðareyri.

### **Greinargerð.**

Breytingartillögur þær við vegalögin, sem hér eru fluttar, voru fluttar í efri deild, er vegalögin voru þar til umræðu á síðasta þingi, en fengust ekki samþykktar vegna þess, að því er sagt var í umræðum, að menn vildu ekki svo seint á þingi senda lögín milli deilda. Þess vegna eru þær nú fluttar í byrjun þings, og ætti þá

að vinnast tími til að láta þær ganga formlega gegnum þingið. Um brtt. þessar skal þetta sagt:

- a. Lagt er til að lengja þjóðveginn frá Sandgerði að Stafnesvita. Þetta eru tæpir 9 km, og liggur vegurinn um þéttbyggða sveit.
- b. Lagt er til, að tvö byggðahverfi á sunnanverðu Reykjanesi komist í akvegasamband, og er þetta meðal annars nauðsynlegt vegna flutninga á björgunartækjum, en skipskaðar eru alltiðir fyrir sunnanverðu Reykjanesi og því nauðsynlegt, að hægt og fljótlegt sé að flytja björgunartæki á landi, en það má heita illgerlegt nú. Lenging vegakerfisins er sem næst 3 km.
- c. Lagt er til að lengja akveginn, sem nú endar í Háabæ, að Unhól, eða um 3,5 km, en við það komast margir bæir, sem daglega þurfa að senda frá sér mjólk, í akvegasamband.
- d. Er leiðrétting á prentvillu.
- e. Hvitársíðuvegurinn er lengdur um ca. 14 km og látinn ná að fremsta bæ sveitarinnar, en þar taka við fjallvegir norður yfir Grímstungu, Tvidægru og Stórasand, sem með þessu tengdust vegakerfinu. Auk þess kemur hann nokkrum bæjum, sem daglega þurfa að senda frá sér mjólk, í vegasamband.
- f. Nú er svo ákveðið, að vegur liggja yfir Hvitá á brú undan Bjarnastöðum og á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási. Hér er lagt til, að þessi vegur verði kallaður Hálsasveitarvegur og hann látinn ná alla leið á Börgarfjarðarbraut hjá Reykholti.
- g. Er nánast leiðrétting á prentvillu.
- h. Lagt er til, að Reykjarfjarðarvegur verði ekki látinn enda í Árnasi, heldur framlengdur um 6 km og látinn enda í Ingólfsfirði, en þar er nú komin sildarverksmiðja og er að risa þar upp þorp, sem vitanlega á að tengja við akvegakerfi landsins.
- i. Bílferja hefur verið sett yfir Dýrafjörð milli Þingeyrar og Gemlufalls, og liggur þá í augum uppi, að nauðsyn ber til að láta þjóðveginn enda við ferjustaðinn, en ekki heima á Gemlufalli, og er lagt til, að þannig verði þessu breytt, enda mun það nú hafa verið framkvæmt þannig, þó að lög mæli ekki svo fyrir.
- j. Lagt er til, að veginum frá Sveinseyri að Stóra-Laugardal verði hér bætt í þjóðvegatölu, en hann er ca. 4 km.
- k. Nú er ekki ákveðið, hvort brú á Vatnsdalsá kemur framan eða utan við Ásbrekku. Ásbrekka er orðinn samkomustaður Vatnsdælinga, og með breytingunni er því slegið föstu, að þó brú á Vatnsdalsá verði sett utar í dalnum, þá skuli þjóðvegur samt vera að Ásbrekku.
- l. Ekki er ákveðið, hvar Héraðsvötn eða Jökulsárnar verði brúaðar í fram-Skagafirði. Vegna þessa er því slegið föstu með tillögunni, að þó þau eða þær verði brúaðar utan Goðdala, þá skuli þjóðvegur ná þangað frameftir.
- m. Með tillögunni er lagt til, að þjóðvegurinn verði lengdur frá Ríp að Eyhildarholti, en þar eru ferjustaðir bæði austur og vestur yfir Héraðsvötn. Þessi vegur hefur nú verið lagður fyrir lánsfé í sumar, og mun hreppurinn hafa staðið fyrir því, til þess að bæirnir frammi á Nesinu geti komið frá sér mjólk, hvað þeir þurfa að gera daglega, sérstaklega nú, eftir að þeir eru orðnir sauðlausir.
- n. Með tillögunni er lagt til, að þjóðvegurinn fram Bárðardalinn endi ekki í Sandvík, eins og hann gerir nú, heldur á Bjarnastöðum.
- o. Er leiðrétting.
- p. Er leiðrétting.